

Reykjavík, 27. júní 2017

71. fundur dómara nefndar SSÍ

Mætt: Viktoría Gísladóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Lilja Ósk Björnsdóttir, Bryndís Sigurðardóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

AMÍ er nýlokið. Almenn ánægja er með hvernig tókst til með mótið. Sundfélagið Ægir hélt utan um alla framkvæmd að þessu sinni í samvinnu við SSÍ. Á næsta ári, 2018, mun það koma í hlut Sunddeild Breiðabliks að halda AMÍ í Kópavogi.

Spurningum var velt upp varðandi það að telja fyrir sundmenn í 400m skriðsundi. Það er ekkert í reglum sem bannar það. Þessi umræða kemur í kjölfarið á því að nokkrir sundmenn töldu ekki rétt í þessari sundgrein á nýliðnu AMÍ. Bent er á að stundum hafi verið rætt að sjálfsagt sé að telja komi sundmaður með einhvern sem telur fyrir hann.

Dómaranámskeið. Það gekk illa að fylla dómaranámskeið fyrir AMÍ, einn skráði sig og því var það fellt niður. Varðandi dómaranámskeið í haust eru tillögur um að halda námskeið á Akureyri fyrir mót þar í september. Möguleg dómaranámskeið haustið 2017 eru:

- Sprengju-mótið á Akureyri
- Ármannsmótið í Laugardalslaug
- Týr-mótið í Laugardalslaug
- SH-mótið í Hafnarfirði
- Fjölnismótið í Laugardalslaug

Boð um dómgæslu á EM í Danmörku hefur borist dómara nefndinni. Send verður út auglýsing til þeirra dómara sem hafa réttindi til að dæma á stóru móti (#18 og #19) og umsóknarfrestur vegna þess móts ákveðinn til 10. júlí. Tveir dómara eiga möguleika á að fara út að þessu sinni.

Yfirdómaranámskeið verður haldið á komandi hausti.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir